

✉ Re: 1810136 - Endurskoðun Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, skipulags- og matslýsing send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Búið til	1.4.2020 16:51:28
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	1.4.2020 16:51:27
Tilheyrir	📁 202003-0008 - Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027

Efni

Re: 1810136 - Endurskoðun Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, skipulags- og matslýsing send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.4.2020 16:51:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	valur@fjardabyggd.is
Cc	skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020030008

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Fjarðabyggð, dags. 6. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu. Stofnunin telur lýsinguna að flestu leiti greinargóða og í aðalatriðum koma inn á flest það sem skoða þarf við endurskoðun aðalskipulagsins. Einna helst vantar ítarlegri lýsingu á umhverfismatinu s.s. hvaða viðmið og umhverfisþættir verða lagðir til grundvallar í matinu. Í lýsingunni er vísað til laga nr. 105/2006 án þess að tilgreina nánar hvað verður lögð áhersla á að öðru leiti en því að fjallað verður um þá umhverfisþætti sem líklegastir eru til að verða fyrir áhrifum, viðmið t.d. úr opinberri stefnumörkun og valkosti. Í skipulagslýsingunni er farið yfir ýmislegt sem varðar náttúrufar og náttúruvernd t.d. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP), náttúruvernd/náttúruinjakrá og loftslagsmál o.s.frv. Í matslýsingunni hefði mátt nefna t.d. þá alþjóða samninga sem snúa að náttúruvernd og liggja til grundvallar markmiðum SP á því sviði og setja í raun þau viðmið, ásamt innlendri löggjöf, um hvernig megi uppfylla fyrrgreind markmið. Má hér nefna samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamninginn, Ramsarsamninginn auk

samninga og samþykktu um loftslagsmál. Mikilvægt er að skoða aðgerðir sem snúa t.d. að bindingu kolefnis í samhengi við fyrrgreinda samninga um vernd lífríkis. Frekari vinnsla á skipulaginu mun leiða í ljós hvernig tekst til um einstaka þætti.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um ýmislegt sem varðar hlutverk Náttúrfæðistofnunar m.a. að náttúruvernd og hafa má til hliðsjónar við frekari vinnslu á aðalskipulaginu.

Náttúrfæðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls verði þörf á því.

Almennar ábendingar vegna skipulags og umhverfismats:

Almennt vill Náttúrfæðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrfæðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakargreinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og

ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrfæðistofnun vill einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf.

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrfæðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrfæðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en ástæða er til að skoða við vinnslu skipulagsins. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>)

Finna má upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/>.

Finna má upplýsingar um seli og selalátur við landið hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) og hér <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>).

Yfirlit yfir valista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrfæðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnarmál og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Valur Sveinsson" <valur@fjardabyggd.is>
To: "Skipulagsstofnun" <skipulag@skipulag.is>; "Hafdís Hafliðadóttir" <hafdis@skipulag.is>; "Sveinn Sveinsson" <sveinn.sveinsson@vegagerdin.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>; "minjastofnun@minjastofnun.is" <minjastofnun@minjastofnun.is>; "Puríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka" <Mottaka@ni.is>; "land@land.is" <land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "almannavarnir@logreglan.is" <almannavarnir@logreglan.is>; "postur@byggdastofnun.is" <postur@byggdastofnun.is>; "na@na.is" <na@na.is>; "Kristín Ágústsdóttir" <kristin@na.is>; "haust@haust.is" <haust@haust.is>; "ssa@ssa.is" <ssa@ssa.is>; "austurbru@austurbru.is" <austurbru@austurbru.is>; "austur@bondi.is" <austur@bondi.is>; "laufey@postur.is" <laufey@postur.is>; "east@east.is" <east@east.is>; "nattaust@gmail.com" <nattaust@gmail.com>; "fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is" <fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is>; "djupivogur@djupivogur.is" <djupivogur@djupivogur.is>; "sfk@sfk.is" <sfk@sfk.is>
CC:
Subject: 1810136 - Endurskoðun Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, skipulags- og matslýsing send til umsagnar hjá umsagnaraðilum
Date: 6.3.2020 11:48:06

Sæl öll

Sendi meðfylgjandi til umsagnar skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027. Umsagnartími er til 31. mars næstkomandi.

Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 verður til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð, í þjónustugáttum í bókasöfnum Fjarðabyggðar og á heimasíðu Fjarðabyggðar, fjardabyggd.is (fjardabyggd.is) svo þeir sem þess óska geti kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og komið með ábendingar vegna hennar. Kynningartími er til 31. mars næstkomandi. Skila skal skriflegum ábendingum til umhverfis- og skipulagssviðs á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð eða á netfangið skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is (skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is)

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Minjastofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Samgöngustofa
- Landsnet
- Rarik
- Ferðamálastofa
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Byggðastofnun

- Náttúrustofa Austurlands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)

- Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
- Austurbrú
- Svæðisskipulagsnefnd Austurlands
- Búnaðarsamband Austurlands
- Ferðafélag fjarðamanna
- Ferðamálasamtök Austurlands
- Náttúruverndarsamtök Austurlands
- Svæðisráð um skipulag haf- og strandsvæða

Vinsamlega staðfestið móttöku á póstinum.

Kveðja Valur Sveinsson



FJARÐABYGGÐ

Valur Sveinsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

valur.sveinsson@fjardabyggd.is

Fjarðabyggð +354 470
9061

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð
www.fjardabyggd.is
(<http://www.fjardabyggd.is/>)

Þú ert á góðum stað



Fyrirvari/legal disclaimer (<http://www.fjardabyggd.is/fyrirvari>)

Viðhengi

image001.png (6 KB)

image004.png (4 KB)

image001.gif (2 KB)

image008.jpg (2 KB)

image002.png (15 KB)
image007.png (14 KB)
image003.png (12 KB)
image009.jpg (2 KB)